

Þorsteinn Erlingsson (1858 – 1914)

Ætt og uppruni

Þorsteinn Erlingsson fæddist þann 27. september árið 1858 í Stórumörk í Fljótshlíð. Foreldrar hans voru hjónin Þuríður Jónsdóttir og Erlingur Pálsson. Alls eignuðust þau hjón 13 börn, en sum dóu í bernsku. Þorsteinn var tvíburi og var systir hans skírð Helga.

Það átti ekki fyrir Þorsteini að liggja að vera alinn upp hjá foreldrum sínum og hefur bágur fjárhagur eflaust átt sinn þátt í því og erfitt reynst fyrir foreldra hans að taka þannig við tveimur nýjum börnum. Hann er því ekki nema nokkurra daga gamall þegar farið er með hann að Hlíðarendakoti í Fljótshlíð þar sem Helga amma hans bjó ásamt síðari manni sínum, Þorsteini Einarssyni. Mun Þorsteinn hafa átt gott viðurværi hjá þessum fósturforeldrum sínum og ber samtímafólki hans saman um að Þorsteinn hafi verið glaðlyndur og ljúfur drengur í alla staði. Er víst að honum hefur liðið vel í Hlíðarendakoti ef marka má samnefnt ljóð: „Fyrir var oft í koti kátt, krakkar léku saman. Þar var löngum hlegið hátt, hent að mörgu gaman.” Þegar Þorsteinn er 13 ára deyja bæði Helga amma hans og Þorsteinn fóstri hans með stuttu millibili, en þrátt fyrir það var Þorsteinn áfram í Hlíðarendakoti og nú í umsjá Ólafs föðurbróður síns, sem var honum alla tíð mjög góður.



Í Lærða skólanum

Þorsteinn var eins og áður hefur komið fram ekki af efnuðu fólki kominn og því lá ekki beint við að hann yrði sendur til framhaldsnáms, en örlögin voru ekki á því að láta hann fara á mis við það. Eftir því sem Matthías Jochumson segir í bókinni „Sögukaflar af sjálfum mér” var það fyrir tilstilli hans sjálfs og Steingríms Thorsteinssonar að Þorsteinn var sendur í Lærða skólann. Hlutuðust þeir til um að hann hlyti til þess styrk góðra manna. Hann sest í fyrsta bekk haustið 1877, þá 19 ára gamall. Var hann reglulegur nemandi þar næstu fimm árin. Síðasta árið las hann svo utanskóla. Þó svo að Þorsteinn hafi lokið stúdentsprófi með fyrstu einkunn virðist sem hann hafi oft á tíðum slegið slöku við námið og ekki þótt allt sem þar var kennt jafn áhugavert. Í skýrslum skólans á milli ára, eru nöfn nemenda prentuð í einkunnaröð og miðað við fyrstu hausteinkunnir hvers vetrar, er nafn Þorsteins einatt neðan við miðju. Ekki segir mikið af Þorsteini frá þessum árum, en þó mun hann hafa látið að sér kveða í félagsstarfsemi nemenda. Hann tók t.a.m. virkan þátt í Bandamannafélagi Reykjavíkurskóla, en það var málfundafélag og um leið

„nokkurskonar bókmenntaklúbbur“.¹ Tók hann drjúgan þátt í umræðu- og kappræðufundum á vegum félagsins.

„Tvö síðustu ár Þorsteins í Lærða skólanum bar mjög á sundurlyndi með nemendum og sumum kennurum“² þar sem nemendur kvörtuðu undan illum aðbúnaði og slæmri stjórn. Hafði Þorsteinn m.a. framsögu á umræðufundi um það mál, en þar sagði hann og hefur eftir málsmetandi mönnum erlendum sem í skólann höfðu komið og kynnt sér aðstæður: „Leclerc háskólakennari í Brússel kvaðst hafa búist við að finna hér allt í besta lagi, en honum hefði virst latínuskólinn sem pakkhús, borð og bekkir ófærir. Líkt segir Mr. Johnson. Bekkirnir eru líkari fangaklefum en menntaðra manna bústöðum, borð og bekkir eru eyðileggjandi fyrir höfuð og brjóst.... Loftið í svefnloftunum er vont....trekkurinn er banvænn og má ekki eiga sér stað. Þá er nú lekinn og fúinn, sem meira og minna á sér stað í skólanum.“³ Fyrstu árin sín í skólanum ber ekki mikið á kveðskap Þorsteins, en þó vita menn af honum sem skáldi og kvarta jafnvel yfir því hvað hann birti lítið eftir sig. Það er svo ekki fyrr en síðasta árið að hann tekur til við að birta ýmis ljóð eftir sig og fer þá mikinn og fær góða dóma fyrir kveðskapinn. Eru ljóð hans frá þesum árum rómantísk að gerð og innihaldi, og bera greinileg áhrif manna eins og Steingríms Thorsteinssonar, Benedikts Gröndals og jafnvel Kristjáns Jónssonar á stöku stað.

Í Kaupmannahöfn

Þegar Þorsteinn útskrifast sem stúdent haustið 1883 er hann orðinn hálfþrítugur að aldri og eins og flestir skólabræðra hans afræður hann eftir nokkra umhugsun að halda utan til Kaupmannahafnar í nám. En það var ekki auðhlaupið og í bréfi til Eiríks Magnússonar sem hann skrifar stuttu eftir að hann kemur til Hafnar segir hann stuttlega frá aðdraganda þess. Er bréfið í leiðinni góð lýsing á því hve erfitt það gat reynst fyrir þá sem efnaminni voru að verða sér úti um menntun. Við skulum gefa Þorsteini orðið: „Ég...byrja þá á sólaröggunni af sjálfum mér. Að ég er hingað kominn veit ég varla hvernig er orðið. Ég tók burtfararpróf frá latínuskólanum 4. október og ætlaði þá helst að gera „ekkert“. En til þess að láta einskis ófreistað að skoða heiminn, þá fór ég til allra sem ég þekkti, mögulegra og ómögulegra, að leita styrks til ferðar. Það gekk fremur erfitt.... En ég var sauðþrár og sparaði ekkert, hvorki illt né gott, en ekkert gekk, og svo leið og beið þangað til Laura skyldi fara.... En þá var hvergi lán að hafa þegar til kom, þangað til að ég 2 klukkutímum áður Laura færi af stað náði í Þorvald bónda í Núpakoti og dreif upp hjá honum 200 kr., og að 1 tíma liðnum var ég kominn um borð í Lauru með farbréf í vasanum, en að öðru leyti var ég þar eins og ég kom frá móðurlífi, að fötunum fráteknum sem ég var í. Ég fékk ekki tíma til að taka föt mín eða bækur... og engan gat ég kvatt.“⁴ Í Kaupmannahöfn innritast hann í lagadeild, en þó virðist hugur hans ekki hafa fylgt þar máli, en sjálfur sagðist hann eink um hafa innritast í þá deild vegna þess að prófessor Goos kenndi þar. Átti hann Goos þessum það að þakka að hafa fengið námsstyrk og komist inn á Garð þegar hann slyppur og snauður kom til Kaupmannahafnar.

¹ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi - Þorsteinn Erlingsson - bls. 25

² Bjarni Benediktsson frá Hofteigi - Þorsteinn Erlingsson - bls. 26

³ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi - Þorsteinn Erlingsson - bls. 27

⁴ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi - Þorsteinn Erlingsson - bls. 36

Raskhneykslið

Þó svo að Þorsteinn hafi kannski ekki fundið sig sem skyldi í lögfræðideildinni virðist hann til að byrja með vera ánægður í Kaupmannahöfn. Í bréfum hans heim frá þessum tíma bregður fyrir gáska og gleði og þá endurspeglar mörg ljóða hans frá þessum tíma glaðværð og vellíðan. Á þessum tíma festir hann sig líka í sessi sem skáld. Hann tekur mikinn þátt í allri bókmenntaumræðu og ræðst harkalega gegn Verðandi mönnum og þeirra raunsæisboðskap, enda gat hann ekki á sér setið er þeir rökkuðu bæði Steingrím Thorsteinsson og Benedikt Gröndal niður opinberlega, en þeir tveir má segja að hafi haft mest áhrif á kveðskap Þorsteins fram að því. Fljótlega upp úr því fer hann þó að gefa raunsæinu meiri gaum, og varð brátt einn dyggasti talsmaður hennar meðal Íslendinga.

En svo gerðist atburður árið 1887 sem átti eftir að hafa slæmar afleiðingar í för með sér fyrir Þorstein. Þannig var að Íslendingafélag háskólans hélt hátíðahald í minningu 100 ára afmælis Rasmus Kristjáns Rasks og var Þorsteinn beðinn um að yrkja ljóð af því tilefni. Hann varð við því og er ljóðið flutt á hátíðinni. Í ljóðinu fer Þorsteinn nokkuð hörðum orðum um Dani og framkomu þeirra í garð Íslendinga og einhver gesturinn ákvað að leka ljóðinu í dönsk blöð. Innan skamms var ljóðið orðið mál málanna í Kaupmannahöfn og Þorsteinn er kallaður fyrir háskólaráð og mátti teljast heppinn að vera ekki vikið úr skólanum. En í kjölfarið gaf Þorsteinn þó lögfræðina upp á bátinn og taldi sig ekki eiga viðreisnar von þar, auk þess hafði hann það sama ár misst Garðstyrkinn og stóð nú uppi nánast auralaus. Söðlar hann því um og innritast í Norrænu deild háskólans, en til að fjármagna námið tók hann að sér ýmis verkefni sem gáfu eitthvað í aðra hönd. Fór svo á endanum að hann hvarf frá námi án þess að hafa útskrifast. Í Kaupmannahöfn kvæntist Þorsteinn danskri konu en sambúð þeirra stóð stutt og þau skildu.

Ritstjórinn

Árið 1896 er honum svo boðið að gerast ritstjóri blaðsins „Bjarka“ sem þá var verið að stofna á Seyðisfirði. Stýrði hann því blaði í fjögur ár eða til aldamóta og „þegar í fyrstu tölublöðum Bjarka markaði Þorsteinn sér stöðu sem eindreginn sósíalisti. Og í 11. tölublaði, á Þorláksmessu 1896, kvað hann svo rækilega upp úr um viðhorf sín við kirkju og kristindómi“, en Þorsteinn hafði greinilega misst barnatrúna sína í Kaupmannahöfn.

Eftir að hann hættir sem ritstjóri Bjarka flyst hann til Vestfjarða og gerist ritstjóri nýs blaðs sem hóf þar göngu sína og fékk nafnið „Arnfirðingur“. Þangað fór með honum ung stúlka Guðrún Jónsdóttir, en þó að þau giftust aldrei skildu þeirra leiðir ekki síðan og eignuðust þau saman tvö börn.

Það er svo árið 1902 að Þorsteinn flyst til Reykjavíkur og blaðið með honum, en útgáfa þess var svo stöðvuð í ársbyrjun árið 1903. Á þessum sex ára blaðamannsferli tók hann virkan þátt í íslenskri stjórn málaog menningarbaráttu og var með fyrstu boðberum sósíalisma á Íslandi. Þá barðist hann grimmilega fyrir aukinni sjálfstjórn frá Dönum, enda voru þetta umbrotatímar í íslenskri stjórn málasögu og hilti undir íslenskan ráðherra í Reykjavík.

Í Reykjavík

En þegar Þorsteinn hætti sem ritstjóri varð hann að snúa sér að öðru til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Starfaði hann lengstum síðan að kennslu. Í fyrstunni tók hann nemendur í einkatíma og þegar Iðnskólinn var stofnaður árið 1904 hóf hann að kenna þar og kenndi við hann allt til ársins 1910. Þá var hann prófdómari bæði í Kvennaskólanum og Verslunarskólanum. En kennslan dugði Þorsteini til lítils annars en að framfleyta sér og var hann „alla ævi fátækur maður, hvernig sem hann vann; hann barðist í bökkum í efnahagslegum skilningi. Það sést af bréfum, að há húsaleiga íþyngir honum stundum; og húsið þar sem hann bjó í Þingholtstræti 33 varð honum einnig þungt í skauti: „...ég verð blátt áfram að klófesta hvern eyri, sem ég næ í, til að missa ekki húskofann okkar,” segir hann í bréfi til Valtýs Guðmundssonar þremur mánuðum fyrir andlát sitt.”⁵ Þorsteinn lést 28. september árið 1914, daginn eftir 56 ára afmælið sitt.

Skáldið

Þó svo að Þorsteinn hafi ort mikið strax ungur að aldri og þá sérstaklega á skólaárum sínum í Reykjavík og síðar í Kaupmannahöfn, er það fyrst árið 1897 að ljóð hans eru birt á bók. Var það fyrir tilverknað Odds Björnsonar á Akureyri, en bókin fékk nafnið „Þyrnar”. Þá þegar hafði kveðskapur hans verið þjóðinni kunnur og titillinn þjóðskáld verið eignað honum, enda talsvert birst eftir hann í blöðum og tímaritum.

Framan af eru ljóð hans hefðbundin í stíl og umgerð, og hann sækir yrkisefnin í sveitina og landið. Áhrif frá Steingrími Thorsteinssyni og Benedikt Gröndal leyna sér ekki. En í Kaupmannahöfn mótuðust nýjar skoðanir í huga hans og er ekki að efa að Rask málið hefur átt sinn þátt í því. Þorsteinn kynntist þar sósíalisma og tók honum fagnandi og afneitaði af sömu ákefð kristinni trú. Uppfrá því fór hann að sækja í önnur yrkisefni og ljóðin hans urðu beinskeyttari og full af skoðunum á samfélaginu í kringum sig.

Það mætti kannski til sanns vegar færa að Þorsteinn hafi verið rómantískt skáld að forminu til og hvað varðaði efnistöð, en að umfjöllunarefni hans og skoðanir hafi að öðrum þræði fallið undir raunsæi. En skrif Þorsteins fólust ekki einungis í kvæðum hans, sem þó hafa haldið nafni hans mest á lofti. Hann skrifaði talsvert af sögum í „Dýravininn” sem Tryggvi Gunnarsson gaf út, en sumt af því efni var svo síðar gefið út í sér bók sem nefndist „Málleysingjar”. Árið 1906 kom svo út í Reykjavík lítið kver, sem nefndist „Íslenskar sögur og sagnir”, sem Þorsteinn hafði safnað saman. Voru þetta fyrst og fremst þjóðsögur frá Vestfjörðum. Af sama meiddi eru þjóðsögur sem hann skrifaði upp eftir Jakobi Aþanasíusssyni og gefnar voru út á bók árið 1933. Þá stundaði Þorsteinn þýðingar en fyrsta bókin sem hann þýddi og var gefin út árið 1901 -1902, hét „Heiðrún”, en þar var að finna sögur og ævintýri frá ýmsum löndum, sem upphaflega höfðu birst í blaðinu Arnfirðingi. Árið 1913 komu svo út fjórar litlar bækur sem hann hafði þýtt, en það voru: Ferðir Munchhausens baróns, Tólf þrautir Heraklesar, För Gúllívers til Putalands og Sagan af Tuma þumli.

⁵ Bjarni Benediktsson frá Hofteigi - Þorsteinn Erlingsson - bls. 233

Verkefni

1. *Hvar og hvenær fæddist Þorsteinn Erlingsson?*
2. *Hvar ólst hann upp og hjá hverjum?*
3. *Af hverju lá ekki beint við að Þorsteinn yrði sendur til náms?*
4. *Hvernig stóð á því að Þorsteinn er sendur til náms?*
5. *Hvernig var aðbúnaðurinn í Lærða skólanum þegar Þorsteinn er þar við nám?*
6. *Hvaðan sækir Þorsteinn fyrirmyndir sínar í kveðskap á þesum árum?*
7. *Hvernig var háttað hjá honum þegar hann kemur til Kaupmannahafnar?*
8. *Hvað virðist hafa ráðið vali hans á námsgrein í upphafi?*
9. *Af hverju ræðst hann gegn Verðandi mönnum?*
10. *Hvað olli því að hann var næstum rekinn úr skóla?*
11. *Hvað tók hann sér fyrir hendur er hann flytur aftur til Íslands?*
12. *Hvaða tveimur blöðum ritstýrði Þorsteinn?*
13. *Hvaða pólitískri stefnu kynntist hann í Kaupmannahöfn og boðaði síðan á Íslandi?*
14. *Hvað fór Þorsteinn að gera er hann hætti blaðamennsku?*
15. *Hvenær dó Þorsteinn og hvað var hann þá gamall?*
16. *Hvenær birtust ljóð Þorsteins fyrst á bók og hvað hét sú bók?*
17. *Hvaða önnur ritstörf utan ljóðagerðar stundaði Þorsteinn?*

Tillögur að svörum:

1. Þ.E. fæddist árið 1858 í Stórumörk í Fljótshlíð.
2. Hann ólst upp í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð hjá ömmu sinni og seinni manni hennar.
3. Hann var af fátæku fólki kominn.
4. Steingrímur Thorsteinsson og Matthías Jochumsson virðast hafa hlutast til um að hann fengi til þess styrk.
5. Hann var vægast sagt slæmur.
6. Til Steingríms Thorsteinssonar og Benedikts Gröndals.
7. Hann var allslaus fyrir utan fötin sem hann stóð í og smá pening sem hann hafði fengið að láni.
8. Það að prófessor Goos hjálpaði honum að fá Garðstyrk gerði það að verkum að hann innritaðist í lögfræði þar sem Goos þessi kenndi.
9. Þeir gagnrýndu Steingrím Thorsteinsson og Benedikt Gröndal.
10. Hann orti ljóð um Rasmus Kristján Rask og vék í því að illri framkomu Dana gagnvart Íslendingum í gegnum tíðina.
11. Hann gerðist ritstjóri.
12. Bjarka og Arnfirðingi.
13. Sósíalisma.
14. Hann fór að kenna.
15. Hann dó árið 1914, 56 ára gamall.
16. Það var árið 1897 og bókin hét Þyrnar.
17. Hann samdi ævintýri, skráði niður þjóðsögur og þýddi nokkur erlend verk.